



# Krakkar í námi og leik

Nokkrir lestextar



Nafn \_\_\_\_\_

## Sara

Ég heiti Sara. Ég er 13 ára gömul og er fædd í Frakklandi, í borg sem heitir Montpelier. Hún er í suður hluta Frakklands og þaðan er stutt að fara á ströndina við Miðjarðarhafið. Ég og vinkonur mínar förum oft á ströndina og leikum okkur og liggjum í sólbaði. Það eru bæði ungir og gamlir sem njóta lífsins á ströndinni. Sumir eru með hunda með sér og þeir synda stundum í sjónum.

Á kvöldin er oft alveg logn úti og þá förum við stelpurnar og kaupum okkur ís. Mér finnst vanilluís mjög góður en vinkonum mínum finnst jarðarberjaís bestur. Stundum fáum við okkur sósu á ísinn. Svo setjumst við á bekk, borðum ís og spjöllum saman.

Á veturna erum við auðvitað í skóla. Mér finnst gaman að læra frönsku en mér finnst þýska mjög erfið. Mig langar meira til að læra ítölsku. Mig langar líka til að flytja til Mílanó og læra fatahönnun þegar ég verð 18 ára. Þá ætla ég að hanna fallega kjóla og sauma þá sjálf.

### Orð úr textanum sem ég skil ekki:

Íslenska / móðurmál mitt

---

---

---

---

Íslenska / móðurmál mitt:

---

---

---

---

### Andheiti:

Stutt \_\_\_\_\_

suður \_\_\_\_\_

Gömul \_\_\_\_\_

oft \_\_\_\_\_

Kaupa \_\_\_\_\_

gaman \_\_\_\_\_

### Hvað finnst þér skemmtilegast að gera á sumrin? – en á veturna?

---

---

---

## Bartek

Hæ! Ég heitir Bartek. Ég er búinn að búa á Íslandi í fjögur ár en áður bjó ég í Póllandi. Pabbi minn er pólskur en mamma mín er frá Spáni. Ég tala þess vegna bæði pólsku og spænsku en ég er betri í pólsku. Pabbi og mamma tala saman á ensku og þess vegna er ég líka vanur að tala hana.

Núna búum við í Reykjavík. Mér fannst erfitt að flytja til Íslands og nennti alls ekki að læra íslensku. Mér fannst hún mjög erfið og ólík tungumálunum sem ég kunni. Mér gekk samt vel að kynnast krökkunum í bekknum mínum og íslenskir krakkar vilja alltaf tala við mig á ensku. Palli, kennarinn minn, segir samt að ég verði að læra íslensku ef ég ætli að fara í framhaldsskóla á Íslandi og ég veit að það er rétt hjá honum. Í vetur ætla ég að taka mig á og vera duglegri að tala og lesa á íslensku.

**Orð úr textanum sem ég skil ekki:**

**Íslenska / móðurmál mitt**

**Íslenska / móðurmál mitt:**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

**Muna að svara með heilum setningum:**

Hvaða tungumál tala foreldrar Barteks? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Nefndu heiti **þriggja tungumála** sem ekki eru nefnd í textanum: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Kennarinn hans Barteks er kallaður \_\_\_\_\_. Hvað heldur þú að hann heiti? \_\_\_\_\_

**Íslensk gælunöfn:**

Siggi - heitir \_\_\_\_\_ Mæja – heitir \_\_\_\_\_

Stína – heitir \_\_\_\_\_ Gummi – heitir \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

**Íslenska skólakerfið:**

2ja ára – 6 ára: \_\_\_\_\_

6 ára – 16 ára: \_\_\_\_\_

16 ára – 18 ára: \_\_\_\_\_

18 ára – 20+ ára: \_\_\_\_\_

**Framhaldsskóli – leikskóli – grunnskóli - háskóli**

**Skrifaðu textann í nútið:**

Ég fór á Dominos og pantaði mér pizzu. Hún var mjög góð. Vinur minn vildi pizzu með pepperoni en ég vildi frekar pizzu með nautahakki og osti. Ég gaf litla bróður mínum eina sneið af því að hann var svo svangur.

---

---

---

---

**Stafarugl. Þessi orð tengjast öll mat.**

ipeprvs = \_\_\_\_\_ urlaku = \_\_\_\_\_

torus = \_\_\_\_\_ aappkri = \_\_\_\_\_

## Roland

Góðan dag! Ég heiti Roland og ég bý í Hollandi. Borgin mín heitir Utrecht og er fjórða stærsta borg Hollands. Ég er 18 ára. Ég er ekki í skóla. Ég er ekki búinn að ákveða hvað mig langar til að læra og ætla að vinna í eitt ár. Þá gefst mér tími til að hugsa um hvað mig langar mest til að gera í framtíðinni. Svo byrja ég kannski aftur í skóla eftir það. Ég vinn núna á kaffihúsi og mér finnst það gaman. Ég hitti mjög margt fólk frá öllum heimsálfum. Það versta er að mér finnst kaffi alls ekki gott – en borða mikið af alls kyns súkkulaðitertum og þær eru mjög góðar! 😊

Ég er líka íþróttamaður og æfi langhlaup. Ég æfi á hverjum degi, a.m.k. einn klukkutíma hverju sinni. Um helgar hleyp ég lengra og er þá tvo til þrjá klukkutíma á æfingu. Á hverju sumri tek ég þátt í **Utrecht Marathon** en það hefur verið hlaupið á hverju ári frá árinu 2000. Síðustu ár hafa hlauparar frá Kenía náð bestum árangri í hlaupinu.

**Orð úr textanum sem ég skil ekki:**

íslenska / móðurmál mitt

íslenska / móðurmál mitt

---

---

---

---

---

---

---

---

**Svaraðu með heilum setningum:**

Í hvaða heimsálfu er Holland? \_\_\_\_\_

Hvort æfir Roland lengur á virkum dögum eða um helgar? \_\_\_\_\_

---

Hvað þýðir skammstöfunin a.m.k.? \_\_\_\_\_

## Pröstur

Ég heiti Pröstur Birkisson. Ég er 15 ára. Ég fæddist á Egilsstöðum og bjó þar þangað til ég var 8 ára gamall. Þá flutti ég til Akureyrar með mömmu, pabba og litlu systur mínum tveimur. Afi og amma eiga líka heima á Akureyri og ég fer oft til þeirra þegar skólinn er búinn. Afi var sjómaður þegar hann var ungur og hann hefur mjög gaman af því að segja mér sögur af sjónum. Ég hef lítinn áhuga á sjómennsku og ég get hugsað mér að læra rafvirkjun í framhaldsskóla og verða rafvirki. En kannski á ég eftir að breyta um skoðun seinna og ég get líka hugsað mér að verða kokkur. Mér finnst oft gaman að vera í eldhúsinu og prófa nýja rétti.

Í dag hef ég mestan áhuga á tölvuleikjum og að leika mér á brettum. Það erumargir krakkar á mínum aldri sem mæta og æfa sig á brettum, en oftast eru fleiri strákar en stelpur.

**Orð úr textanum sem ég skil ekki:**

**íslenska / móðurmál mitt**

**íslenska / móðurmál mitt**

---

---

---

---

---

---

---

---

Nafnið hans Þrastar er tengt náttúrunni. Hvaða dýrategund hefur líka nafnið þróstur?

---

Pabbi Þrastar, hann Birkir, heitir líka nafni sem tengist náttúrunni. Hvernig lífvera heitir sama nafni og hann? \_\_\_\_\_

Margir fuglar koma til Íslands á vorin þegar hlýnar í veðri og fljúga svo til baka til hlýrri landa Evrópu þegar kólnar á haustin.

Slíka fugla nefnum við \_\_\_\_\_

Aðrir fuglar eru á Íslandi allt árið. Þá fugla nefnum við \_\_\_\_\_

Þekkir þú fleiri fugla sem lifa á Íslandi?

---

Þekkir þú þessa fugla?



Skógarpröstur, rjúpa, lóa, svanur/álft, starri, svartpröstur, gæs.

## Klara

Klara á afmæli í dag. Hún er 14 ára. Mamma hennar og pabbi hjálpa henni að undirbúa afmælisveislu. Mamma og Klara bökuðu súkkulaðiköku saman og pabbi ætlar að búa til pizzu. Klara fær að ráða hvað er á pizzunni. Hún vill helst hafa pepperóni, papriku og mikið af osti. Pabbi spyr hvort hún vilji hafa lauk og sveppi en það vill Klara alls ekki.

Pabbi og mamma ætla að gefa Klöru einhver ný föt í afmælisgjöf. Klara ætlar í búðir með vinkonum sínum og hún æltar að velja sér buxur. Kannski kaupir hún líka nýjan bol. Amma gefur Klöru oft peninga í afmælisgjöf. Núna ætlar Klara að geyma peningana af því að hún er að safna sér fyrir nýjum skíðum.

Klara býður nokkrum krökkum úr bekknum sínum í afmælið. Það byrjar klukkan fimm og verður til kl. níu. Krakkarnir ætla að hafa það gott og spjalla saman. Kannski horfa þau líka á einhvern þátt í Netflix. En það þurfa allir að vakna snemma næsta morgun til að fara í skólann. Þá er betra að vera ekki mjög syfjaður.

**Orð úr textanum sem ég skil ekki:**

íslenska / móðurmál mitt

íslenska / móðurmál mitt

---

---

---

---

---

---

---

---

Hvað vill Klara helst hafa á pizzunni sinni? \_\_\_\_\_

---

Hvað vill Klara alls ekki hafa á pizzu? \_\_\_\_\_

Hvað fær Klara í afmælisgjöf frá mömmu og pabba? \_\_\_\_\_

---

Hvað gefur amma Klöru í afmælisgjöf?



---


Fyrir hverju er Klara að safna sér?

---

Af hverju er afmælisveislan búin snemma?

---

Raðaðu orðunum eftir fjölda:



Fáir, enginn, margir, allir, flestir

---

Finndu fjögur nafnorð í kvenkyni (hún) í textanum:

---

Í textanum eru þrjú nöfn á mat sem eru í karlkyni. Hvaða orð eru það?

---

Hvernig stígbreytist lýsingarorðið:

góður - \_\_\_\_\_ - bestur

## Jens

Jens er 12 ára strákur. Hann býr í Danmörku í borg sem heitir Árhús. Hann er í 7. bekk í Birkeskole og kennarinn hans heitir Olav. Pabbi Jens vinnur á bílaverkstæði og mamma hans vinnur á sjúkrahúsi. Hún er ljósmóðir og tekur á móti mörgum börnum. Hún vinnur vaktavinnu og þess vegna er hún stundum að vinna á kvöldin og um helgar. Þá sjá pabbi og Jens um að elda. Þá búa þeir oft til kjötbollur og hafa svo kartöflustöppu og tómatsósu með. Þetta finnst þeim mjög gott.

Á kvöldin fara þeir stundum saman í hjóltúr. Það er mjög gott að hjóla í Danmörku því að landið er svo flatt. Þeir nota hjólastíg og stundum keppa þeir um hvor kemst hraðar. Jens segir að hjólið hans pabba sé léttara og það sé þess vegna sem pabbi vinnur oftar. Pabbi er ekki sammála þessu og hann segist bara vera í betra formi en Jens.

Orð úr textanum sem ég skil ekki:

íslenska / móðurmál mitt

íslenska / móðurmál mitt

---

---

---

---

---

---

---

---

Hvar vinnur pabbi hans Jens? \_\_\_\_\_

Hvar vinnur þetta fólk og hvert er starfsheiti þess?



hann vinnur á \_\_\_\_\_.

Hann er \_\_\_\_\_.



Hann vinnur í \_\_\_\_\_.

Hann er \_\_\_\_\_.



Hann vinnur á \_\_\_\_\_.

Hann er \_\_\_\_\_.



Hún vinnur á \_\_\_\_\_.

Hún er \_\_\_\_\_.



Hún vinnur á \_\_\_\_\_.

Hún er \_\_\_\_\_.



Hann vinnur hjá \_\_\_\_\_.

Hann er \_\_\_\_\_.



Hann spilar í \_\_\_\_\_.

Hann er \_\_\_\_\_.

Af hverju er gott að hjóla í Danmörku?

Af hverju er erfiðara að hjóla á Íslandi?

---

**Andheiti** þessarra orða eru í textanum. Finndu þau:

Fáir \_\_\_\_\_ bratt \_\_\_\_\_

hægt \_\_\_\_\_ þungt \_\_\_\_\_

ósammála \_\_\_\_\_



Skrifaðu a.m.k. þrjár málsgreinar um þessa mynd:

---

---

---

---

## Gitte

Gitte er 13 ára. Hún býr í Stokkhólmi. Stokkhólmur er höfuðborg Svíþjóðar og er stór borg. Þar býr fólk sem hefur flutt til Svíþjóðar frá mörgum löndum í heiminum. Í skólanum hennar Gitte eru krakkar frá Tyrklandi, Kanada, Pakistan, Þýskalandi, Íslandi og mörgum öðrum löndum. Sumir hafa flutt til þess að leita sér að vinnu en aðrir hafa komið til að fara í skóla.

Besta vinkona Gitte heitir Halima. Hún er frá Sýrlandi. Hún býr í næsta húsi við Gitte og þær hittast oft þegar skólinn er búinn á daginn. Þær læra saman og eru duglegar að hjálpa hvor annarri. Halima er mjög góð í stærðfræði og hjálpar Gitte með dæmi sem hún skilur ekki. Í staðinn hjálpar Gitte Halimu með sænskuna.

Þrisvar sinnum í viku fara stelpurnar í danstíma. Þær æfa nútíma ballett og þurfa bæði að vera sterkar og liðugar. Nú styttist í sýningu sem dansinn á að tákna stríð og frið. Stelpurnar sauma búningana sína sjálfar. Það tekur mikinn tíma. Nær allur frítími þeirra fer í æfingar og undirbúning fyrir sýninguna sem verður eftir tvær vikur. Gangi ykkur vel stelpur!

**íslenska / móðurmál mitt**

**íslenska / móðurmál mitt**

---

---

---

---

---

---

---

---

Haltu áfram með textann:



Húrra!

Kári og Anton voru mjög glaðir. \_\_\_\_\_

---

---

## Síðasta blaðsíðan

Nú ert þú búin(n) að lesa nokkra texta um krakka þar sem sagt er frá því hvað þeir eru að gera í skólanum og frístundum.

Nú er komið að þér að skrifa texta.

Þú getur valið um tvær leiðir:



A) Skrifaðu texta um sjálfan þig; hver þú ert og hvaða áhugamál þú hefur.

..... EÐA

B) Skrifaðu texta þar sem þú býrð til sögupersónur, líf þeirra og áhugamál.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

